



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Rekstur deilda janúar til júní 2022

Dags: 29. ágúst 2022

Málsnúmer: 202208733/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit málaflokka og deilda A og B hluta í janúar til júní 2022. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði verður yfirlitið gert almenningi aðgengilegt á síðunni: <https://mos.is/stjornsysla/fjarmal/rekstraryfirlit> í samræmi við markmið um birtingu fjárhagsupplýsinga úr bókhaldi bæjarins. Rekstraryfirlitið tekur eins og áður til hefðbundins rekstrar A og B hluta Mosfellsbæjar án byggðasamlaga.

Tekjur námu 9.058 m.kr., gjöld 9.141 m.kr. og er rekstrarniðurstaða tímabilsins án fjármagnsliða því neikvæð um 83 m.kr. Fjármagnsliðir, söluhagnaður og millifærslur nema 857 m.kr. og er rekstrarniðurstaða tímabilsins því neikvæð um 940 m.kr. Rekstrarniðurstaða tímabilsins er 500 m.kr. lakari en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Tekjur af útsvari eru 190 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins gerð ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld eru 92 m.kr. hærri en áætlað. Annar rekstrarkostnaður er 253 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins sem skýrist aðallega af framlögum til félagsþjónustu, snjómoksturs og viðhalds stofnana. Fjármagnskostnaður (nettó) er 70 m.kr. lægri en áætlað var vegna söluhagnaðar. Gjaldfærður kostnaður vegna reiknaðra verðbóta af langtímalánum er 466 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir á tímabilinu og skýrist af mikilli verðbólgu. Nánari upplýsingar um rekstraryfirlitið verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,

Pétur Jens Lockton,
fjármálastjóri